

88. Stjórnarfundur FENÚR

19. júní 2006

Mættir:

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Pétur Bjarnason og Elías Ólafsson sem ritaði fundargerð.

Staður og stund: Selfoss, kl 10:45

Fundargerð síðasta fundar nr. 87 lá frammi og var samþykkt.

1. Ferð til Danmerkur

Guðmundur Tryggvi ræddi um fyrirhugaða ferð FENÚR til K-hafnar í haust.

Ákveðið var að ganga að tilboði Iceland Express vegna flugferða til og frá K-höfn.

Gert er ráð fyrir að farið verði utan miðvikudaginn 27. September og dagskrá ferðar byrji þá í eftirmiðdaginn (skoðunarferðir um Danmörk, Suður Svíþjóð o.fl.).

Heimferð yrði sunnudaginn 1. okt. Ákveðið að leita fleiri tilboða vegna hótela.

Þeir sem færu á ISWA-ráðstefnu yrðu lengur og sæju sjálfir um bókanir á flugi heim.

Ákveðið var að þátttakendur staðfestu endanlega flug eða flug og hótél með 10.000 kr greiðslu til FENÚR fyrir 10. júlí nk.

2. Fréttablað

Guðmundur ræddi hugmyndir um að gefa út fréttablað (ca. 4 sinnum á ári) og var honum falið að ræða við aðila sem gætu séð um verkið að einhverju eða öllu leyti.

Áætlaður kostnaður gæti verið ca 100 þús kr /ári.

3. Önnur mál:

a) Ákveðið að minna félagsmenn á að ráðstefnugjald á ISWA-ráðstefnu í K-höfn, hækkar eftir 1. júlí nk.

b) Ráðgjafastjórn: Guðmundur Tryggvi og Gunnar Bragason ræddu við fulltrúa frá stofnun Sæmundar fróða um hvaða framtíðarfyrirkomulag væri vænlegast til að gera ráðgjafastjórn virka. Settu þeir upp nokkur atriði sem kanna á betur. Ákveðið var að boða til fundar til að kanna áhuga aðila nánar í haust.

Fundi slitið og tekið upp létt hjal.

Elías Ólafsson.